



**HAFNARFJÖRÐUR**

**Minnisblað - 8.nóvember 2016**

Efni: Ölduslóð 38, sérmerkt bílastæði, 1611009

Þann 1.11.2016 sækir frú Maria Albertsdóttir um leyfi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa til að sérmerkja stæði fyrir hreyfihamlaði á götu við Ölduslóð 38.

Fylgiskjal með umsókninni er vottorð frá lækni er staðfestir skerta hreyfigetu frú Maríu. Einnig kemur fram að hún keyrir ekki sjálf bílinn.

Sk. deiliskipulagi er bílastæði á lóð. Við Ölduslóð 38 er stæði ásamt bílskúr og sk. teikningum innnangengt inn í íbúðarhúsið þar við.

Þar sem nú þegar er bílastæði fyrir húsið og umsækjandi er ekki sjálfur ökumaður er ekki hægt að fallast á að sérmerkja stæði í götu.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt.